

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014, breytt vegstæði yfir Þjórsá í landi Vindáss og Minni-Valla, Rangárþingi ytra.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 1. mars 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014 frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að lega fyrirhugaðs vegar frá Þjórsárdalsvegi yfir Þjórsá og inn á Landveg breytist. Fyrirhugað er að brúa Þjórsá rúmlega 3 km vestar en samkvæmt gildandi aðalskipulagi, eða nokkru ofan við Búðafoss. Lega vegarins breytist þannig að mun hann liggja um 1 km sunnan við núverandi afleggjara að Minni-Völlum og Vindási. Heildarlengd vegarins verður um 7,5 km.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 1. mars 2010.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2010